

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Í Eskifjarðarkaupstað er búfjárhald óheimilt utan lögbýla. Bæjarstjórn getur þó, að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar, veitt sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í samþykkt þessari.

2. gr.

Hver sá sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það skriflega umsókn til bæjarstjórnar þar sem tilgreind er tegund og fjöldi búfjár ásamt yfirlýsingu um að gripahaldið sé að öllu leyti á ábyrgð umsækjanda. Þar skal einnig tilgreina hvernig vörslu búfjárins skuli háttáð og greina frá húsakosti, beitilandi, fóðuröflun og öðru er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur bæjarstjórn, að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar, að skilyrði búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi til tiltekins tíma eða ótímabundið með tilteknum afturköllunarfresti. Leyfi til sauðfjárhalds til annarra en aðila með greiðslumark skal þó aðeins veitt á lögbýlum með sömu skilyrðum og um búfjárhald almennt. Leyfið skal gefið út á nafn og er óframseljanlegt. Hámarksfjöldi á hvert leyfi skal vera 10 kindur.

Fylgi leyfishafi ekki settum reglum um meðferð og vörslu búfjárins má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Heimilt er að innheimta leyfisgjald af búfé utan lögbýla til að standa undir kostnaði við forðagæslu og búfjárefntilvit. Skiptist það í grunnjald og gjald fyrir fjölda búfjár hvers leyfishafa. Landbúnaðarráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir leyfisgjald og birta í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lausaganga hrossa er óheimil í sveitarfélaginu án leyfis bæjarstjórnar, að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar. Gildir það jafnt um ábúendur lögbýla og þá sem hafa sérstakt leyfi til búfjárhalds. Þá er hvers konar lausaganga búfjár bönnuð innan girðingar umhverfis kaupstaðinn (þéttbýlið).

6. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Tað og annan úrgang frá búfénu skal eigandi fjarlægja og er með öllu óheimilt að safna því utan húss.

7. gr.

Búfjareftirlitsmaður sveitarfélagsins annast eftirlit með búfjárhaldi og skal hann leiðbeina og áminna, eftir atvikum, þá búfjareigendur sem gerast brotlegir við framangreindar reglur. Lausagöngufénað skal handsama og skrá. Skylt er eigendum að sækja gripi sína og greiða áfallinn kostnað og tjón, þar með talinn kostnað við handsömun gripanna.

8. gr.

Bæjarstjórn skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýlið í sveitarfélaginu og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald í Eskifjarðarkaupstað nr. 405 12. nóvember 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi til búfjárhalds, að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

Samkomulag við félag hestamanna frá 18. maí 1990 um leigu útihúsa, slægjulanda og annars lands jarðanna Eskifjarðar, Byggðarholts og Borga, svo og önnur ákvæði þess samkomulags skulu þó gilda til 1. júlí 2010. Bæjarstjórn er þó heimilt að endurskoða gildistíma samkomulagsins með tilliti til breytinga á svæðinu.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. september 1992.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin einstefna á Grundarstíg til suðurs, á milli Spítalastígs og Bjargarstígs.

Auglýsing þessi tekur gildi 15. september 1992.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. ágúst 1992.

Böðvar Bragason.